

Sp.

65. Þjóðhagsáætlun

fyrir árið 1985.

(Lögð fram af forsætisráðherra hinn 15. október 1984.)

Inngangur

Mikilsverður árangur hefur náðst í efnahagsmálum síðustu þrjú misseri. Mestu máli skiptir hjöðnun verðbólgunnar. Á fyrstu mánuðum ársins 1983 fór árshraði verðbólgunnar, á mælikvarða vísitölu framfærslukostnaðar, yfir 130% og stefndi hærra. Í septemberbyrjun 1984 var verðbólgan 13% miðað við síðustu þrjú mánuði, en 19% miðað við síðustu tólf mánuði, og er það lægsta slík breyting síðastliðinn áratug. Á mælikvarða vísitölu byggingarkostnaðar hefur árshraði verðbólgunnar verið um 10% að undanförunu. Á grundvelli ríkjandi gengisstefnu og þeirra kauphækkana, sem um var samið á fyrstu mánuðum ársins, ættu verðbreytingar á mælikvarða framfærsluvísitölu að vera nálægt 13% árshraða í lok þessa árs, en undir 10% á mælikvarða vísitölu byggingarkostnaðar.

Í atvinnumálum hefur gætt nokkurra staðbundinna erfiðleika, en þegar á heildina er litið hefur atvinnuástand verið viðunandi. Tekist hefur að halda atvinnuleysi í skefjum í námunda við 1% af mannafla. Atvinnuöryggi, sem er eitt helsta markmið efnahagsstefnunnar, hefur því ríkt.

Óhjákvæmilegt var, að lífsskjör þjóðarinnar versnuðu nokkuð á árinu 1983 vegna afturkipps í útflutningstekjum og viðskiptahalla, sem myndast hafði á fyrri árum. Talið er, að kaupmáttur ráðstöfunartekna hafi rýrnað um 12% á mann á árinu 1983 en einkaneysla

um 7%. Á árinu 1984 virðist hins vegar ekki munu verða veruleg kjararýrnun, eftir vísbendingum um breytingar einkaneyslu á árinu að dæma. Þótt kaupmáttur kauptaxta kunni að reynast 1-2% lakari að meðaltali en á síðasta fjórðungi ársins 1983, virðist kaupmáttur tekna almennings ekki hafa rýrnað á sama tíma. Þar veldur hvort tveggja hækkun tekna umfram taxta og aðgerðir stjórnvalda í skatta- og félagsmálum.

Efnahagsstefna ríkisstjórnarinnar hefur þegar skilað miklum árangri eins og lýsingin hér að framan á umskiptunum í þjóðarbúskapnum sýnir glögg. Enn er þó við alvarleg vandamál að glíma. Þótt dregið hafi úr viðskiptahalla gagnvart útlöndum á árinu 1983, úr 10% af þjóðarframleiðslu 1982 í 2,3% í fyrra, meðal annars vegna sölu úr birgðum, er búist við um 5% halla á þessu ári. Þetta er önnur hlið efnahagsvandans. Á hina hlið eru erfiðleikar í rekstri og fjárhag sjávarútvegsins.

Innflutningur hefur farið vaxandi á árinu 1984, umfram fyrri áætlanir og umfram útflutning. Þá hafa komið æ skýrar í ljós rekstrar- og greiðsluferfiðleikar í sjávarútveginum. Einkum hefur rekstur nýjustu togaranna gengið erfiðlega en einstakar greinar fiskvinnslu hafa einnig átt við erfiðleika að stríða.

Orsakir efnahagsvandans eru annars vegar þrálátt misvægi í peninga- og lánamálum og fjármálum ríkisins, en hins vegar minnkun þorskaflans, markaðserfiðleikar í sjávarútvegi og lakkandi útflutningsverð ásamt þungri skuldabyrði vegna mikillar fjárfestingar á fyrri árum. Hagtölur fyrstu sex mánaða ársins 1984 sýndu glögg merki um vaxandi viðskiptahalla og versnandi stöðu sjávarútvegsins.

Ríkisstjórnin greip því í lok júlímánaðar

síðastliðins til sérstakra aðgerða í ríkisfjármálum, peninga- og lánamálum og sjávarútvegsmálum til þess að freista þess að stöðva þessa öfugþróun. Þessum aðgerðum var ætlað að stemma á að ósi. Þeim er nú fylgt eftir með þeirri stefnu í efnahagsmálum, sem ríkisstjórnin hefur mótað fyrir næsta ár og er lýst hér á eftir. Þessi stefna miðar að því annars vegar að varðveita þann mikilsverða árangur, sem náðst hefur á síðustu misserum í átt til betra jafnvægis í efnahagsmálum, og hins vegar að því að halda áfram þeim umbótum í hagkerfi og stjórnkerfi, sem eru forsenda varanlegra framfara og batnandi lífskjara í landinu.

Útlit er nú fyrir, að samdráttur þjóðarframleiðslu á árinu 1984 verði um 1%, sem er mun minna en spáð var fyrir ári. Árið 1984 verður þó þriðja samdráttarárið í röð í íslenska þjóðarbúskapnum og árin þrjú, 1982-1984, eru lengsta samdráttarskeið í þjóðarbúskapnum í þrjá áratugi. Þótt nú séu horfur á, að botni hafi verið náð í hagsveiflunni, er útlitið enn ótryggt. Mikilvægt er að búa þannig í haginn, að um raunverulegan endurbata geti orðið að ræða á næstu árum og traustur grunnur verði lagður að hagvexti í framtíðinni.

Þjóðhagsáætlun fyrir árið 1985 var undirbúin í ágúst og september til framlagningar á Alþingi við upphaf þinghalds í október, eins og lög gera ráð fyrir. Þegar skýrslunni var lokið, höfðu kjarasamningar og kjaradeilur, sem hófust í september og október, ekki verið til lykta leiddar. Skýrslan lýsir efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar á grundvelli samkomulags stjórnarflokkanna í septemberbyrjun, en í henni er ekki fjallað um þau viðbrögð eða stefnubreytingar, sem væntanlegir launasamningar kynnu að gefa tilefni til. Sama gildir um matið á framvindu

og horfum í efnahagsmálum, sem sett er fram í þessari skýrslu.

Í fyrsta hluta skýrslunnar er helstu markmiðum ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum á næsta ári lýst. Í öðrum hlutanum er gerð grein fyrir efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar og þeim aðgerðum, sem hún hyggst beita sér fyrir. Í þriðja hluta er sagt frá framvindu efnahagsmála 1984 og í þeim fjórða horfum í þjóðarbúskapnum 1985 eins og þær virðast í þingbyrjun. Fjárlagafrumvarp og fjárfestingar- og lánsfjáráætlun ríkisstjórnarinnar fyrir árið 1985 eru reistar á sömu forsendum og stefna að sömu markmiðum og hér er lýst.

I. Efnahagsmarkmið

Í stefnuyfirlýsingu sinni setti ríkisstjórnin fyrstu aðgerðum sínum í efnahagsmálum þau markmið að tryggja atvinnuöryggi, hjöðnun verðbólgu, viðunandi jafnvægi í viðskiptum við önnur lönd og verndun kaupmáttar lægstu launa og lífsskjara þeirra, sem við bágust kjör búa. Þann tíma, sem stjórnin hefur starfað, hefur hún náð miklum árangri, hvað varðar öll þessi markmið. Enn horfir áhyggjusamlega um viðskiptajöfnuð við útlönd, þótt nokkuð hafi þar miðað í átt til jafnvægis. Ekkert framangreindra markmiða er þannig vaxið, að það náist til lengdar, nema stöðugt sé að því unnið að tryggja viðunandi jafnvægi í efnahagsmálum. Ríkisstjórnin mun með þetta að leiðarljósi beina kröftum sínum að því að greiða fyrir framförum og aukinni fjölbreytni í atvinnulífinu. Til þess að þetta takist þarf að beina fjárfestingunni í arðbær verkefni, sem kallar á bætt skipulag í peninga-

og lánakerfi landsins, en einnig í fjármálastjórn hins opinbera, bæði ríkis og sveitarfélaga. Nánar greinir frá þessum stefnuatriðum hér á eftir í kaflanum um efnahagsstefnuna, en áður en að honum kemur verður lýst nánar stefnumiðum fyrir árið 1985, hvað varðar meginþætti í þjóðarbúskapnum.

1. Atvinnuöryggi.

Áætlað er, að hlutfall þeirra, sem skráðir eru atvinnulausir á þessu ári, verði að meðaltali rúmlega 1% af mannafla, ef ekki koma til meiri háttar truflanir á síðustu mánuðum ársins. Þessi hundraðstala atvinnulausra er með þeim allra lægstu, sem þekkjast í nálægum löndum. Reyndar má segja, að í vor og sumar hafi mátt sjá ýmis merki um umframeftirspurn á vinnumarkaði á höfuðborgarsvæðinu. Ljóst er, að þegar á heildina er litið hefur tekist að tryggja viðunandi atvinnuástand.

Ríkisstjórnin setur áframhaldandi atvinnuöryggi sem meginmarkmið í efnahagsmálum á næsta ári. Forsenda þess er, að afkoma atvinnuveganna sé tryggð. Í því efni ráða ákvarðanir annarra aðila í hagkerfinu ekki síður úrslitum en ákvarðanir stjórnvalda. Launaákvarðanir, sem ofbjóða greiðslugetu atvinnuveganna, geta valdið stöðvun fyrirtækja og þar með atvinnuleysi.

2. Hjöðnun verðbólgu.

Að óbreyttum kjarasamningum og gengisstefnu verður árshraði verðbólgunnar kominn niður í 13% í árslok. Markmið þjóðhagsáætlunar fyrir árið 1984 var að koma verðbólgunni í 10% á árinu 1984. Þótt þetta hafi ekki að fullu náðst, er lækkun verðbólgunnar úr 130% í 13% á átján mánuðum undraverður árangur, sem á sér fáar hliðstæður. Mikið er í húfi, bæði til þess að bæta

efnahagsástandið innanlands og treysta enn betur álit landsins út á við, að það takist að varðveita þennan mikla árangur í viðureigninni við verðbólguna.

Á næsta ári þarf enn að þoka verðbólgunni niður á við. Enn skortir á, að verðbreytingar hér á landi séu komnar niður á stig helstu viðskiptaþjóða okkar. Nú er því spáð, að verðbólga í aðildarríkjum OECD verði rúmlega 5% á næsta ári, en 6-7% í Evrópuríkjum innan OECD. Ríkisstjórnin setur sem markmið fyrir næsta ár, að hraði verðbólgunnar hér á landi verði í lok ársins 1985 kominn niður fyrir 10% árshraða. Hvort slíkur árangur næst, er auðvitað ekki síður komið undir ytri skilyrðum og ákvörðunum annarra aðila í hagkerfinu, meðal annars á vinnumarkaði, en aðgerðum stjórnvalda.

3. Betra jafnvægi í viðskiptum við önnur lönd - lækkun hlutfalls erlendra skulda.

Í þjóðhagsáætlun fyrir árið 1984 var það sett sem markmið að ná sem næst hallalausum viðskiptum við önnur lönd á þessu ári. Þetta markmið næst ekki á árinu, því áætlað er, að viðskiptahalli muni nema um 5% af þjóðarframleiðslu. Með þjóðhagsáætlun fyrir árið 1984 var ennfremur að því stefnt, að hlutfall erlendra skulda af þjóðarframleiðslu ykist ekki á árinu 1984. Útlit er nú fyrir, að erlendar skuldir verði í árslok 1984 um 61 1/2% af þjóðarframleiðslu.

Ekki eru horfur á, að útflutningsframleiðslan geti aukist svo nokkru nemi á næsta ári og vonir standa ekki til viðskiptakjarabata. Því verður að reikna með, að minna dragi úr viðskiptahalla en æskilegt hefði verið. Viðskiptahallinn sem nú blasir við, er mikið áhyggjuefni. Ríkisstjórnin telur afar brýnt, að hallinn á viðskiptajöfnuði verði jafnaður markvisst á næstu þremur árum og hlutfall erlendra

Breytingar framfærsluvísitölu 1983-1984.

Umreiknað til árshákkunar miðað við
hákkun vísitölunnar:

Breytingar í hverjum mánuði 1)				
	Síðasta mánuði	Síðustu 3 mánuði	Síðustu 6 mánuði	Síðustu 12 mánuði
%	%	%	%	%
1983				
<hr style="border-top: 1px dashed black;"/>				
Janúar	4,15	63,0	70,5	63,7
Febrúar	4,77	75,0	75,8	67,7
Mars	10,45	229,6	111,0	75,8
Apríl	6,79	120,0	133,2	79,7
Máí	4,60	71,6	131,7	86,6
Júní	9,60	200,5	124,7	93,8
Júlí	3,92	58,6	101,5	95,9
Agúst	6,63	116,0	117,6	102,8
September	0,74	9,3	55,3	88,2
Oktober	3,10	44,2	50,4	86,3
Nóvember	2,74	38,4	29,7	84,1
Desember	1,23	15,8	32,2	76,6
1984				
<hr style="border-top: 1px dashed black;"/>				
Janúar	0,72	9,0	20,4	70,8
Febrúar	0,65	8,1	10,9	64,1
Mars	1,09	13,9	10,3	50,2
Apríl	1,42	18,4	13,4	42,6
Máí	0,88	11,1	14,4	37,6
Júní	2,33	31,8	20,2	28,4
Júlí	0,93	11,7	17,8	24,7
Agúst	1,57	20,6	21,1	18,8
September	0,62	7,7	13,2	18,7

skulda af þjóðarframleiðslu verði ekki hærra en 61% á næsta ári, og fari síðan lækandi.

4. Hagvöxtur og lífskjör.

Lífskjör almennings ráðast á endanum fyrst og fremst af sköpun raunverulegra verðmæta á þjóðarbúinu, en ekki af því þrátefli um skiptingu þjóðartekna, sem hefur haft verðbólguna að förunaut mörg undanfarin ár. Það er ef til vill markverðasti árangur í efnahagsmálum á síðustu misserum, að tekist hefur að rjúfa þann vítahring verðbólgunnar, sem hefur umkringgt kjarabaráttu og verðmyndun í landinu mörg undanfarin ár.

Eitt helsta markmið þessarar þjóðhagsáætlunar er að endurvekja hagvöxt á árinu 1985. Með nokkurri bjartsýni um veiðipól fiskstofna standa vonir til þess, að heildarframleiðslan í landinu geti aukist nokkuð á ný á næsta ári. Haldist viðskiptakjör nokkurn veginn óbreytt 1985, sem er þó óvissu undirorpið, ættu ráðstöfunartekjur þjóðarinnar á mann ekki að rýrna frekar en orðið er. Efnahagsbatinn er svo óviss enn, að óráðlegt er að stefna þegar að verulegri hækkun kaupmáttar launa.

Við ríkjandi aðstæður í þjóðarbúskapnum væri æskilegt, að jöfnuður í viðskiptum við önnur lönd verði bættur, sem framleiðsluaukningu svarar. Í þessu felst, að ekki er svigrúm til þess að auka einkaneysluútgjöld nema á kostnað annars eða hvors tveggja, samneyslu eða fjárfestingar. Þótt ríkisstjórnin telji óhjákvæmilegt að stilla þessum útgjöldum áfram í hóp, virðist óráðlegt að stefna að frekari samdrætti á þessu sviði. Þar veldur annars vegar hið mikilvæga hlutverk samneysluútgjaldanna að tryggja öllum landsmönnum jöfn tækifæri á sem flestum sviðum, svo sem til menntunar og heilbrigðisþjónustu.

Hins vegar er brýn nauðsyn að halda áfram uppbyggingu í samgöngukerfi, í orkumálum og í atvinnulífinu til þess að stuðla að framförum, þegar til langs tíma er litið.

Af þessu leiðir, að ríkisstjórnin mun miða stefnu sína í kjaramálum á næstunni við það að freista þess að varðveita í aðalatriðum það lífskjarastig, sem ríkt hefur á árinu 1984, og reyna að bæta hag þeirra, sem við erfiðust kjör búa. Á árinu 1984 hafa hinir tekjulægstu fengið nokkra leiðréttingu á sínum hlut fyrir tilstilli aðgerða ríkisstjórnarinnar í samráði við aðila vinnumarkaðarins í kjölfar kjarasamninga í byrjun ársins. Nýtt kjarakapphlaup nú myndi stefna þessum sanngjörnu leiðréttingum á kjörum í hættu. Ríkisstjórnin vill koma í veg fyrir slíka óheillaþróun og mun miða stefnu sína í kjaramálum og fjármálum við það.

II. Efnahagsstefnan

Markmiðunum, sem að framan er lýst, hyggst ríkisstjórnin ná á grundvelli efnahagsstefnunnar, sem hún setti fram í stefnuyfirlýsingu sinni vorið 1983. Hinn 6. september sl. gerðu stjórnarflokkarnir með sér samkomulag um aðgerðir í efnahags- og atvinnumálum og um breytingar á stjórnkerfi. Með þessu samkomulagi hefur stjórnarstefnan í efnahagsmálum verið mótuð í meginatriðum fyrir næsta ár. Samkomulagið fer hér á eftir:

"1. Markmið.

Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar er því lýst, að

skapa skuli festu í efnahagslífinu með raunhæfri gengisstefnu og aðhaldsamri fjármála- og peningastefnu. Stjórnarflokkarnir eru sammála um að byggja áfram á þessum grundvallaratriðum og leggja áherslu á að viðhalda þeim stöðugleika sem náðst hefur. Stjórnarflokkarnir telja jafnframt nauðsynlegt að svigrúm fái til að auka framleiðslu og framleiðni og hefja nýsköpun í íslensku atvinnulífi, þar sem arðsemi ráði fjárfestingu.

2. Umgjörð efnahagsmála 1985.

Meginmarkmið og forsendur aðgerða í efnahagsmálum á árinu 1985 verða:

2.1 Gengi verði ekki breytt um meira en að hámarki 5 af hundraði á árinu 1985. Þessi ákvörðun er tekin með tilliti til erfiðrar markaðsstöðu sjávarútvegsins og viðskiptahalla.

2.2 Miðað er við að verðbólga í lok ársins 1985 verði ekki yfir 10 af hundraði.

2.3 Erlendar skuldir þjóðarinnar verði ekki yfir 61 af hundraði þjóðarframleiðslu í lok ársins 1985. Þetta markmið skapar svigrúm til erlendra lántöku, samtals að upphæð kr. 7.200 millj. en þar af fara um kr. 4.500 millj. til afborgana eldri lána, og því eru einungis kr. 2.700 millj. til ráðstöfunar til atvinnuveganna og nýrra framkvæmda.

2.4 Að höfðu samráði við aðila vinnumarkaðarins verði lög um bann við verðtryggingu launa framlengd. Verðtrygging á skemmri lánunum verði afnumin og tekin til endurskoðunar á öðrum sviðum.

2.5 Gert er ráð fyrir að ákvörðunarvald um vexti verði óbreytt, en stefnt er að því að vextir lækki með lakkandi verðbólgu.

2.6 Til þess að svigrúm verði til aukinnar framleiðslu, framleiðni og nýsköpunar í atvinnulífinu, eru stjórnarflokkarnir sammála um að ríkissjóður verði sem næst án rekstrarhalla á árinu 1985.

Gert er ráð fyrir því að launahækkarnir verði innan þeirra marka sem ofangreindar ákvarðanir og markmið setja. Í fjárlagafrumvarpi verður því miðað við að kauptaxtar verði að meðaltali um 5% hærri árið 1985 en þeir verða nú í árslok.

3. Skattamál.

3.1 Tekjuskattur af almennum launatekjum verði afnuminn í þremur áföngum. Komi fyrsti áfangi til framkvæmda þegar á árinu 1985 með lakkun tekjuskatts um kr. 6-700 milljónir. Við það er miðað, að eftir síðasta áfanga verði ekki greiddur tekjuskattur af tekjum miðað við kr. 21-22 þús. í ágúst 1984. Á móti lakkun tekjuskatts komi skattlagning eyðslu.

3.2 Frumvarp til laga um virðisaukaskatt verði lagt fram í upphafi þings.

4. Nýskipan í banka- og gjaldeyrismálum.

4.1 Frumvörp að nýrri löggjöf fyrir viðskipta-

banka, sparisjóði og Seðlabanka verði lögð fram í upphafi þings, og áhersla lögð á að breytingarnar komi til framkvæmda í upphafi árs 1985.

4.2 Ríkisbönkum verði fækkað með tilflutningi verkefna og samruna banka. Rekstrarform ríkisbankanna verði tekið til endurskoðunar. Mál þessi verða tekin til afgreiðslu að fengnu álitum þeirrar nefndar sem viðskiptaráðherra hefur skipað í málið.

4.3 Áfram verði haldið á þeirri braut að auka frjálsræði gjaldeyrisviðskipta. Útflytjendur fái að leggja inn á gjaldeyrisreikninga, og endurskoðaðar verði reglur um beina lántöku fyrirtækja erlendis án ríkisábyrgðar.

5. Breytingar á stjórnkerfinu.

Á grundvelli tillagna Stjórnkerfisnefndar er gert ráð fyrir eftirtöldum breytingum á stjórnkerfinu:

5.1 Ríkisendurskoðun verði færð undir stjórn Alþingis.

5.2 Lagt verði fram á næsta þingi frumvarp til nýrra stjórnarráðslaga, þar sem m.a. verði gert ráð fyrir eftirgreindum atriðum:

- 1) Valdsvið ráðherra verði skilgreint betur en nú er gert í lögum.
- 2) Fjármálastjórn einstakra ráðuneyta verði styrkt.

3) Staða aðstoðarmanna ráðherra verði styrkt.

4) Ráðningartími embættismanna verði takmarkaður.

5.3 Lagt verði fram á næsta ári frumvarp til stjórnarsýslulaga, þar sem m.a. verði að finna grundvallarreglur um málsmeðferð í stjórnarsýslunni í því skyni að treysta stöðu einstaklinga í skiptum þeirra við hið opinbera.

5.4 Unnið verði að því að fækka reglugerðum og einfalda þær. Jafnframt verði kannað hvort ekki sé unnt að draga úr ýmis konar leyfisveitingum, einfalda umsóknir, flytja verkefni frá ríki til einstaklinga og endurskipuleggja þjónustu hins opinbera í því skyni að bæta og hagræða þjónustu við almenning.

6. Nýsköpun í atvinnulífi og uppstökkun sjóðakerfis.

Samkomulag er um eftirfarandi meginbreytingar til nýsköpunar í atvinnulífi og uppstökkun sjóðakerfisins:

6.1 Fjárfestingarlánasjóðum atvinnuveganna, sem starfa samkvæmt sérstökum lögum, verði fækkað í þrjá: Búnaðarsjóð, Sjávarútvegssjóð og Iðnaðarsjóð. Sjóðir þessir sinni hlutveki sínu fyrst og fremst með lánveitingum í gegnum hið almenna bankakerfi.

6.2 Sett verði á fót sjálfstæð og öflug byggðastofnun, sem stuðli að jafnvægi í byggð landsins. Stofnað verði sérstakt fyrirtæki (þróunarfélag) ríkis, banka, almennings og aðila í atvinnurekstri til að greiða fyrir nýskipan í

atvinnulífinu. Eignir ríkisins í þeim atvinnufyrirtækjum, sem henta þykir, verði sameinaðar í eignarhaldsfyrirtæki. Í samræmi við þetta verða gerðar tillögur um breytingar á lögum og verkefnum Framkvæmdastofnunar ríkisins.

6.3 Lögð verði aukin áhersla á rannsókn- og þróunarstarfsemi og menntamál, er miði að endurnýjun og nýsköpun í atvinnuvegunum.

6.4 Átak verði gert til að efla íslenska útflutningsstarfsemi og leita markaða fyrir íslensk fyrirtæki erlendis. Í því skyni verði stofnað Útflutningsráð er nái til allra atvinnuvega.

6.5 Gert er ráð fyrir að verja kr. 500 millj. á árinu 1985 til þeirrar nýsköpunar í atvinnulífinu sem felst í ofangreindum breytingum.

7. Sjávarútvegur.

7.1 Frumvarp til laga um stjórn fiskveiða verði lagt fram í október og stefnt að afgreiðslu fyrir 1. desember 1984.

7.2 Unnið verði að endurskoðun á sjóðakerfi sjávarútvegs og tengslum þess við hlutaskipti á fiskiskipum, þar með á starfsemi Aflatryggingasjóðs og fjárstofnum hans. Til þessa verks verði skipuð nefnd fulltrúa úr sjávarútvegsnefndum Alþingis, frá hagsmunaaðilum og ráðuneyti. Nefndin skili tillögum sínum fyrir næstu áramót.

7.3 Yfirstandandi endurskoðun á verðlagningu og skattlagningu á olíuvörum til útvegsins, sem stefnir að því að lækka olíukostnað hans, verði lokið í október n.k.

7.4 Uppsafnaður söluskattur í rekstrargjöldum fiskveiða og fiskvinnslu verði endurgreiddur frá næstu áramótum. Tilgangur þessarar endurgreiðslu er annars vegar að leiðrétta stöðu sjávarútvegsins í samkeppni við útveg annarra landa og hins vegar að undirbúa upptöku virðisaukaskatts hér á landi.

7.5 Fram fari athugun á ýmsum álögum og gjöldum, sem leggjast á sjávarútveginn, þar með á gjaldskrám opinberra þjónustufyrirtækja.

7.6 Áfram verður leitað leiða til þess að auka fjölbreytni í framleiðslu sjávarútvegsins, meðal annars með nýtingu fiskstofna sem lítt eða ekki eru nýttir. Ein helsta forsenda slíkra nýjunga er öflug markaðsleit. Markaðsstarfsemi fyrir sjávarútveg verði aukin og samræmd sbr. lið 6.4 hér að framan.

8. Landbúnaður.

Með tilvísun til þess ákvæðis í stefnu ríkisstjórnarinnar að- unnið verði að aðlögun búvöruframleiðslunnar að markaðsmöguleikum og dregið úr þörf fyrir útflutningsbætur verður samhliða gert átak til atvinnuuppbyggingar í sveitum landsins meðal annars með því að efla nýjar búgreinar og auka arðsemi í landbúnaði. Á árinu 1985 verður varið í þessu skyni fjármagni sem nemur 10% af útflutningsbótafé sem þá lækkar að sama skapi. Forgangsrétt að þessu fjármagni

skulu þeir aðilar hafa sem draga úr framleiðslu á hefðbundnum búvörum. Lögð er áhersla á uppbyggingu fjölþættrar atvinnustarfsemi í sveitum landsins jafnhliða samdrætti í hefðbundnum búgreinum sem leiða mun til stöðugt minnkandi þarfa á útflutningsbótum.

Í samræmi við þessi markmið verða lög um Framleiðsluráð landbúnaðarins og önnur lög sem landbúnaðinn varða, endurskoðuð að höfðu samráði við samtök bænda á eftirgreindum grundvelli.

8.1 Mjólkurframleiðslan verði að tveimur til þremur árum liðnum sem næst innanlandsneyslu þannig að ekki verði þá lengur þörf fyrir útflutningsbætur á mjólkurafurðir, enda verði bæddum tryggt fullt verð fyrir þá framleiðslu.

8.2 Kjötframleiðslan verði að fjórum til fimm árum liðnum sem næst innanlandsþörfum og ekki lengur þörf útflutningsbóta, enda verði bæddum tryggt fullt verð fyrir þá framleiðslu.

8.3 Frá og með 1.janúar 1985 verði ekki veitt framlög til þeirra framkvæmda sem auka mjólkur- og kjötframleiðslu. Fé sem sparast með þessum hætti verður notað til þess að koma á fót arðbærum búgreinum og atvinnutækifærum í sveitum.

8.4 Samtök bænda skipti framleiðslunni á framleiðslusvæði og/eða einstaka framleiðendum.

8.5 Í samráði við fulltrúa bænda, vinnslustöðva og neytenda verði verðlagningu landbúnaðarafurða hagað þannig að verð til bænda annars vegar verði ákveðið sérstaklega og hins vegar

sjálfstætt til vinnslustöðva og í smásölu, enda verði verðjöfnun tryggð.

Endurskoðun fari fram á ákvæðum um verðjöfnun svo sem vegna fjármagnskostnaðar af fjárfestingu.

8.6 Framleiðendur fái fulla greiðslu fyrir afurðir sínar sem næst við afhendingu, enda verði vinnslustöðvum með afurðalánnum gert það kleift.

8.7 Leitað verði leiða til þess að hafa heildarstjórn á landbúnaðarframleiðslunni, t.d. með því að leggja toll á innfluttan fóðurbæti, þegar um óeðlilegar niðurgreiðslur erlendis er að ræða, sem stofnað gætu innlendu framleiðslunni í hættu.

8.8 Settar verði reglur um frjálstan innflutning garðávaxta, þegar innanlandsframleiðsla fullnægir ekki þörfum íslenska markaðarins. Lagaákvæði og reglur um Grænmetisverslun landbúnaðarins verða endurskoðuð til að stuðla að meiri hagkvæmni í framleiðslu og sölu garðávaxta."

9. Kjaramál.

Samkomulag stjórnarflokkanna um stefnuna í efnahagsmálum, sem prentað er hér að framan, eins og það var birt í septemberbyrjun, mótar afstöðu ríkisstjórnarinnar í kjaramálum bæði almennt og í kjarasamningum við ríkisstarfsmenn sérstaklega.

Eins og kunnugt er var flestum kjarasamningum sagt upp frá 1. september sl. að telja, þar með kjarasamningum opinberra starfsmanna. Í kjaradeilu

ríkisins og BSRB kom í septembermánuði fram sáttatillaga frá ríkissáttasemjara, sem fól í sér 6% hækkun launa frá 1. september 1984 í stað 3% í fyrri samningi og 4% hækkun 1. janúar 1985 í stað 3% í fyrri samningi aðila. Báðir aðilar höfnuðu þessari tillögu og hinn 4. október hófst verkfall BSRB. Verkfall bókagerðarmanna, sem hófst 10. september, stendur enn þegar þetta er skrifað, og enn hafa ekki náðst samningar í kjaradeilum aðildarféлага ASÍ og vinnuveitenda.

Til þess að stuðla að lausn þessara kjaradeilna hefur ríkisstjórnin átt viðræður við samtökin á vinnumarkaðnum, til þess að kanna hvort unnt sé að ná þjóðarsátt í kjaramálum, sem byggist á því að stilla hækkun peningalauna mjög í hóf á næstunni en í staðinn komi lækkun skatta og aðrar ráðstafanir af opinberri hálfu, sem stuðli að atvinnu- og kjaraöryggi á næsta ári. Í þessum viðræðum hefur ríkisstjórnin lýst því yfir, að hún sé tilbúin til að kanna lækkun tekjuskatts og útsvars sem lið í lausn yfirstandandi kjaradeilna, enda verði gerðir kjarasamningar til ársloka 1985 og beinni launahækkun haldið innan marka, sem samrýmst geta áframhaldandi hjöðnun verðbólgu. Niðurstöður liggja enn ekki fyrir í þessum viðræðum og er því ekki unnt að taka beinlínis tillit til þeirra í þessari þjóðhagsáætlun.

III. Framvinda efnahagsmála 1984

1. Yfirlit.

Þjóðhagsspá fyrir árið 1984 hefur nú verið endurskoðuð í ljósi framvindunnar það sem af er ári, þótt enn sem

komið er sé ekki unnt að taka áhrif væntanlegra kjarasamninga með í reikninginn. Athugun á hagtolun, sem þegar liggja fyrir, bendir til þess, að þjóðarframleiðsla dragist saman um 1% frá fyrra ári. Þessi samdráttur framleiðslu er mun minni en búist var við í upphafi árs. Hér veldur einkum, að fiskafli og sjávarvöruframleiðsla hefur aukist það sem af er ári, gagnstætt því sem reiknað var með í ársbyrjun. Fyrstu átta mánuði ársins var botnfiskaflinn 4% minni en í fyrra, en aukning annars aflu, einkum loðnuafla, olli því að sjávarvöruframleiðslan í heild jókst um 17% á sama tíma. Fyrir árið allt er nú spáð 5% magnaukningu sjávarvöruframleiðslu. Önnur framleiðsla til útflutnings hefur farið vaxandi að undanfögnu, og í heild er útflutningsframleiðslan talin verða 8-9% meiri á þessu ári en í fyrra. Umsvif í öðrum atvinnugreinum hafa í heild verið heldur minni en í fyrra, þó er aukning í iðnaðarframleiðslu talin líkleg. Framleiðsla innanlands verður því svipuð og í fyrra.

Hagur atvinnuvega er afar misjafn um þessar mundir. Sjávarútvegurinn á nú í miklum erfiðleikum, bæði vegna erfiðra rekstrarskilyrða á líðandi stund og skuldasöfnunar á fyrri árum. Mörg sjávarútvegsfyrirtæki eiga því í stórfelldum greiðsluerfiðleikum. Ennfremur er afkoman óvenju breytileg milli staða og fyrirtækja. Rekstrarafkoma botnfiskvinnslunnar er um þessar mundir afar ótrygg; sama gildir um stöðu botnfiskveiðiflotans. Talið er, að við ríkjandi rekstrarskilyrði sé um nokkurn taprekstur að ræða í greininni í heild. Hér leggst allt á eitt, samdráttur í þorskafli, markaðstregða og

Fiskaflinn 1981-1984.

	1981	1982	1983	Bráðabirgða- tölur janúar-ágúst		Spá allt árið 1984	September-desember 1)	
				1983	1984		1983	Skv. spá 1984
1. Í þús.tonna								
Þorskur	461	382	294	240	210	250	(47)	(34)
Aðrar botnfiskur	255	307	305	220	211	310	(81)	(94)
Loðna	642	13	133	0	438	600	(133)	(162)
Síld	40	55	59	0	0	50	(59)	(50)
Humar, rækja								
höpudiskur	21	24	31	17	25	36	(14)	(11)
Aðrar afli	22	7	17	2	0	12	(15)	(12)
Heildaraflinn	1.441	788	839	479	884	1.258	(349)	(363)

Breytingar á föstu verðlagi, %

Heildaraflinn	-0,2	-12,0	-5,2	-	16,7	5,0	.	.
Heildarafli án loðnu	2,0	-2,3	-7,1	-	-4,3	-5,4	.	.

1) Tölur um aflabrigð eftir mánuðum eru bráðabirgðatölur. Við endanlegt uppgjör í lok hvers árs hefur heildaraflinn yfirleitt reynt heldur meiri en bráðabirgðatölurnar gefa til kynna og er tekið tillit til þessa fráviks hér.

lökkandi afurðaverð erlendis. Staða annarra greina sjávarútvegsins er einnig ótrygg. Vegna stórfelldrar verðlökkunar loðnuafurða að undanfögnu ríkir afar mikil óvissa um afkomu loðnuvinnslu og veiða í haust. Hagur iðnaðar og ýmissa greina þjónustu og verslunar virðist aftur á móti allgóður. Þótt innlendur kostnaður hafi hækkað mun meira á þessu ári en verð á erlendum gjaldeyri, sem vitaskuld rýrir samkeppnisstöðu þessara greina, ætti staða þeirra þó að vera viðunandi um þessar mundir.

Atvinnuástand hefur, þegar á heildina er litið, haldist líkt og var árið 1983. Komi ekki til meiri háttar truflana, er talið líklegt, að skráð atvinnuleysi á árinu 1984 verði að meðaltali rúmlega 1% af mannafla.

Þróun verðlags hefur til þessa að mestu verið í samræmi við fyrri áætlanir. Fyrstu níu mánuði ársins hafa verðbreytingar á mælikvarða framfærsluvísitölnnar að jafnaði verið um 1% á mánuði og enn minni á mælikvarða byggingarvísitölu. Ekki virðast horfur á umtalsverðum breytingum á næstu mánuðum, þannig að frá upphafi til loka ársins gætu verðbreytingar legið á bilinu 12-15%, eftir því hvaða mælikvarði er notaður. Miðað við þá kjarasamninga, sem gerðir voru á fyrstu mánuðum ársins og á grundvelli ríkjandi gengisstefnu, ættu verðbreytingar á mælikvarða framfærsluvísitölu að vera nálægt 13% árshraða í lok þessa árs, en undir 10% á mælikvarða vísitölu byggingarkostnaðar. Á mælikvarða framfærsluvísitölu er þetta heldur meira en fyrri áætlanir gáfu til kynna, og stafar það einkum af nokkru meiri gengisbreytingum, sem valda verðhækkun á innflutningi, á síðustu mánuðum ársins en áður var reiknað með.

Breytingar byggingarvísitölu 1983-1984.

Umreiknað til árshakkunar miðað við
hakkun vísitölnunnar:

Breytingar í hverjum mánuði	Síðasta mánuð	Síðustu 3 mánuði	Síðustu 6 mánuði	Síðustu 12 mánuði
%	%	%	%	%
1983				
Janúar	4,33	66,3	69,9	70,0
Febrúar	2,93	41,5	78,6	70,5
Mars	11,48	268,5	105,4	77,5
Apríl	3,17	45,5	96,5	82,7
Mái	3,48	50,8	100,7	89,3
Júní	9,63	201,4	87,7	96,4
Júlí	1,95	26,1	78,9	87,5
Agúst	1,95	26,1	68,6	83,9
September	2,55	35,3	29,1	55,7
Oktober	2,90	40,9	34,0	54,8
Nóvember	0,11	1,3	24,6	44,9
Desember	0,79	9,9	16,2	22,5
1984				
Janúar	0,09	1,0	4,0	18,1
Febrúar	0,23	2,8	4,5	14,1
Mars	1,55	20,3	7,7	11,9
Apríl	2,08	28,0	16,5	10,1
Mái	0,13	1,6	16,1	10,1
Júní	1,48	19,3	15,7	11,6
Júlí	0,45	5,5	8,5	12,5
Agúst	0,15	1,8	8,6	12,3
September	1,93	25,8	10,6	13,1

Kaupmáttur kauptaxta gæti orðið 1-2% lakari að meðaltali á árinu 1984 en hann var á síðasta fjórðungi ársins 1983, að óbreyttum þeim kjarasamningum, sem gerðir voru í febrúar. Að meðtöldum áhrifum af þeim ráðstöfunum í félags- og skattamálum, sem gerðar voru í tengslum við kjarasamningana síðastliðið vor, verður kaupmáttur kauptaxta hins vegar svipaður að meðaltali á árinu 1984 og hann var á síðasta ársfjórðungi 1983. Ennfremur virðist mega ætla, að tekjubreytingar hafi orðið meiri en taxtabreytingar einar sér gefa til kynna og kaupmáttur tekna almennings hafi þannig haldist óbreyttur frá því sem var um síðustu áramót. Þetta kemur meðal annars fram í áætlunum Kjararannsóknarnefndar um greitt tímakaup á fyrri helmingi ársins, en þær sýna talsverða hækkun umfram taxta. Upplýsingar um veltu það sem af er árinu benda í sömu átt.

Þjóðarútgjöld eru nú talin verða ívið meiri en á árinu 1983. Í spám á fyrri hluta árs var gert ráð fyrir samdrætti, einkum vegna horfa um minni kaupmátt tekna almennings en á síðastliðnu ári. Upplýsingar um veltubreytingar, innflutning og fleira það sem af er árinu benda hins vegar til aukningar í nokkrum greinum. Er nú helst talið líklegt, að neysla verði svipuð og í fyrra en fjármunamyndun aukist nokkuð, einkum vegna mikilla kaupa flutningatækja og ýmissa véla.

Viðskiptakjörin við útlönd á fyrri helmingi þessa árs eru talin hafa verið 2 1/2% betri en á sama tíma í fyrra. Þessi bati stafar allur af hækkun álverðs og að viðskiptum álverksmiðjunnar frátöldum reynast viðskiptakjörin 1 1/2% lakari en á fyrri árshelmingi

**Atvinna, verðlag og tekjur
1980-1984.**

	1980	1981	1982	1983	Spá 1984 1)
Atvinnuástand					
<u>Skráð atvinnuleysi</u>					
<u>% af mannafla</u>					
Ársmeðaltal	0,3	0,5	0,7	1,0	1,2
Meðaltal jan.-ágúst	0,3	0,3	0,6	1,0	1,2
Verðlagsþróun					
<u>Ársbreytingar</u>					
<u>framfarsluvisitölu, %</u>					
Meðalhækkun milli ára	59	51	51	84	30
Hækkun yfir árið	59	42	59	76	15
Árshraði um áramót	73	50	70	20	13
Kaupmáttarþróun					
<u>%-breyting frá fyrra ári</u>					
Kauptaxtar	-3,4	-0,7	-2,4	-17,5	-9 1/2
Atvinnutekjur á mann	-2,3	3,8	-0,1	-13,6	(-5 1/2)
Ráðstöfunartekjur á mann	0,6	6,0	0,7	-12,0	(-5)
Atvinnutekjur í heild	-1,3	5,0	1,2	-12,4	(-4 1/2)
Ráðstöfunartekjur í heild	1,7	7,2	2,1	-10,8	(-4)

1) Rétt er að benda á, að tölur um kaupmátt tekna á þessu ári eru niðurstöður úr tekjuuppgjöri, þar sem byggt er á tiltækum upplýsingum um breytingar kauptaxta á þessu ári, auk áætlana frá Kjara-rannsóknarnefnd um vinnutíma og kaupbreytingar umfram taxta-breytingar á fyrri hluta ársins. Sá kaupmáttarsamdráttur, sem þessar upplýsingar gefa tilefni til á árinu, rímar hins vegar ekki vel við þær vísbendingar um veltu, innflutning o.fl., sem tiltækar eru, en þær gefa ekki til kynna, að neysla hafi minnkað. Upplýsingar um iðgjaldagreiðslur í lífeyrissjóði benda einnig til verulegrar hækkunar tekna umfram taxtabreytingar. Kaupmáttar-samdrátturinn kann því að reynast minni en hér er sýnt. Ennfremur er rétt að ítreka, að hér er miðað við breytingu milli ársmeðaltala 1983 og 1984; en í reynd má ætla, að þessi sam-dráttur hafi allur verið kominn fram fyrir síðustu áramót og kaupmáttur tekna heimilanna hafi þannig haldist sem næst óbreyttur á þessu ári.

1983. Hér munar mest um lækun sjávarvöruverðs um 4% í dollurum. Fyrir árið allt er nú spáð um 1 1/2% bata í viðskiptakjörunum í heild en að álviðskiptum frátöldum virðast horfur á 1/2-1% rýrari viðskiptakjörum en í fyrra. Það er einkum öfugþróun sjávarafurðaverðs, sem dregur viðskiptakjörin niður, en á móti hafa komið fremur hægar breytingar innflutningsverðs í erlendri mynt og hækun á gengi Bandaríkjadollars.

Breytingar viðskiptakjara 1980-1984.

Árlegar breytingar í dollurum, %.

	1980	1981	1982	1983	Jan-júní 1984
Útflutningsverð					

Alls	8,0	-1,9	-9,5	-1,3	-0,2
Án álverðs	6,0	0,3	-8,4	-3,0	-3,6
Innflutningsverð					

Alls	11,8	-2,8	-8,1	-5,4	-2,7
Án aðfangaverðs álvers	10,5	-3,0	-8,2	-5,4	-2,3
Viðskiptakjör					

Alls	-3,4	1,0	-1,5	4,3	2,6
Án álviðskipta	-4,1	3,4	-0,2	2,5	-1,3

Viðskiptajöfnuðurinn fyrri hluta ársins var óhagstæður um nær 2.600 m.kr. samanborið við 740 m.kr.

halla á sama tíma í fyrra. Í spám í júlí var gert ráð fyrir, að árið allt yrði halli í viðskiptunum við útlönd, sem næmi 2.560 m.kr. Innflutningur hefur verið mikill það sem af er árinu, einkum þegar borið er saman við áætlaða breytingu neyslu og fjármunamyndunar. Fyrstu átta mánuði ársins var almennur vöruinnflutningur 15 1/2% meiri á föstu gengi en á sama tíma í fyrra en vöruútflutningur 8% meiri.

**Dagverðsvísitölur í dollurum
fyrir freðfisk og saltfisk 1983-1984.**

Vísitölur 1981=100.

	Freðfiskur	Frysting	Óverkaður saltfiskur
	-----	-----	-----
1 9 8 3			

1. ársfjórðungur	96,4	96,9	87,5
2. - " -	96,4	97,3	77,7
3. - " -	95,7	98,0	77,3
4. - " -	95,3	98,0	76,4
Meðaltal	96,0	97,5	79,7
 1 9 8 4			

1. ársfjórðungur	93,0	95,1	74,5
2. - " -	90,6	91,7	79,2
3. - " -	90,0	90,0	78,7
September	89,7	89,5	75,4

Miðað við framleiðslusamsetningu ársins 1981.

Utanríkisviðskipti janúar-ágúst 1983-1984.

M.kr.

	Meðalgengi jan.-ágúst 1983	Meðalgengi janúar-ágúst 1984		Breyting %
		1983	1984	
Vöruútflutningur fob.	11.278	13.669	14.730	7,8
Sjávarafurðir	7.791	9.442	10.506	11,3
Ál	1.981	2.401	2.047	-14,7
Kísiljárn	378	458	626	36,7
Annað	1.129	1.368	1.552	13,4
Vöruinnflutningur cif.	12.195	14.780	16.976	14,9
Skip og flugvélar	115	139	276	98,0
Landsvirkjun	48	58	24	-58,8
Til álvers	986	1.195	1.220	2,1
Til járnblendiverksmiðju	139	168	181	7,4
Almennur vöruinnflutningur	10.907	13.219	15.275	15,6
Olía	1.681	2.037	2.294	12,6
Annað	9.226	11.182	12.981	16,1
Vöruskiptajöfnuður fob/cif	-917	-1.111	-2.246	.
Vöruskiptajöfnuður fob/fob	472	573	-307	.
Vöruskiptajöfnuður fob/fob án álverksmiðju	-544	-659	-1.161	.
Breyting gjaldeyrisforða	.	-162	-879	.
Breyting gjaldeyrisstöðu	.	-642	-2.054	.

Tölur um gjaldeyrisforða og gjaldeyrisstöðu eru miðaðar við skráð gengi í lok ágúst 1984.

Utanríkisviðskipti 1983-1984.

	Milljónir króna fob. á verðlagi hvors árs		Magnbreytingar frá fyrra ári, %	
	Áætlun 1983	Spá 1984	Áætlun 1983	Spá 1984
Útflutningsframleiðsla				
Sjávarafurðir	12.564	15.315	-6,6	5,0
Ál	2.329	3.505	1,3	9,0
Kísiljárn	614	1.055	19,3	17,0
Annað	2.071	3.125	8,4	28,5
Samtals	17.578	23.000	-3,3	8,7
Birgðabreytingar 1)	1.045	.	.	.
Vöruútflutningur	18.623	23.000	11,5	2,6
Vöruinnflutningur				
Skip og flugvélar	587	1.070	-23,0	54,5
Til Landsvirkjunar	68	35	-61,0	-55,0
Til stóriðjuvera	1.555	2.020	13,7	10,0
Sérstakur vöruinnflutn.	2.210	3.125	-4,0	19,6
Almennur vöruinnflutn.	15.946	20.775	-7,7	8,5
þ.a. olfa	3.012	3.675	4,0	2,0
þ.a. annað	12.934	17.100	-10,2	12,0
Vöruinnflutningur, alls	18.156	23.900	-7,3	11,3
Vöruskiptajöfnuður	467	-900	.	.
Útflutt þjónusta	8.833	11.600	3,8	6,0
Innflutt þjónusta	10.563	14.200	0,3	10,0
Þjónustujöfnuður	-1.730	-2.600	.	.
Viðskiptajöfnuður	-1.263	-3.500	.	.

1) Birgðabreytingartölur eru hér jákvæðar og tákna birgðaminnkun, þ.e. viðbót við útflutningsframleiðslu ársins.

Mikil aukning innflutnings kann að eiga ratur að rekja til endurnýjunar innflutningsvörubirgða, en talið er að þær hafi minnkað í fyrra, auk þess sem líklegt er að útlánaaukning banka-kerfisins fyrri hluta árs hafi haldið uppi innflutningi. Á þessu gæti orðið breyting síðustu mánuði ársins og raunar virðist heldur hafa dregið úr almennum vöruinnflutningi að undanfögnu.

Þjónustujöfnuður var mun óhagstæðari fyrri hluta ársins en gert hafði verið ráð fyrir. Þótt líklegt sé, að þetta gangi að hluta til baka á síðari helmingi ársins, má ætla, að árið allt verði meiri halli á þjónustuviðskiptunum en áður var áætlað. Þannig er nú gert ráð fyrir, að árið allt verði 3.500 m.kr. halli á viðskiptunum við útlönd, eða sem svarar til um 10% af útflutningstekjum og um 5% af þjóðarframleiðslu.

Framvinda ríkisfjármálanna það sem af er þessu ári ber um margt svip af þróun annarra þátta efnahagslífsins. Meiri veltubreytingar innanlands en áður var búist við hafa valdið því, að tekjur ríkissjóðs af veltusköttum hafa orðið meiri en gert var ráð fyrir. Þetta á bæði við um söluskatt og aðflutningsgjöld, sem eru tveir stærstu tekjustofnar ríkissjóðs, en kemur einnig fram í öðrum tekjustofnum, svo sem rekstrarhagnaði ÁTVR o.fl. Fyrstu átta mánuði ársins voru tekjur um 45% meiri en á sama tíma í fyrra, en gjöld tæplega 30% meiri. Þannig hefur dregið verulega saman með tekjum og gjöldum á þessu ári miðað við síðasta ár, en hafa ber í huga, að á síðasta ári varð umtalsverður rekstrarhalli á ríkissjóði, sem nam rúmlega 2 1/2% af þjóðarframleiðslu. Þessi breyting til batnaðar á afkomu ríkissjóðs á árinu kemur glöggt í ljós, þegar rekstrarafkoman fyrstu átta mánuðina nú og í fyrra er skoðuð; í fyrra nam hallinn um 12 1/2% af tekjum, en nú er rekstrarafkoman í járnnum. Þótt búast megi við, að hægi á

tekjubreytingum á síðari helmingi ársins, virðist engu að síður stefna í minni rekstrarhalla á árinu öllu en reiknað var með fyrr á árinu. Bætt rekstrarstaða ríkissjóðs kemur ennfremur fram í mun betri greiðsluafkomu en á síðasta ári. Í ágústlok 1983 var greiðsluafkoman óhagstæð um rúmlega 1.300 m.kr., en var í ágústlok 1984 hagstæð um 300 m.kr.

Erlendar skuldir til lengri tíma en eins árs eru samkvæmt áætlunum greiðslujafnaðardeildar Seðlabanka Íslands taldar verða um 41,4 milljarðar króna í árslok 1984, reiknaðar á meðalgengi ársins. Þetta svarar til 61 1/2% af þjóðarframleiðslu samanborið við 60,6% árið 1983. Staða erlendra skulda, nettó, þ.e. að meðtöldum skammtímalánum, ógreiddum útflutningi og nettó gjaldeyrisstöðu, er talin verða svipuð, en í því felst nokkur versnun frá fyrra ári vegna mikilla skammtímalána viðskiptabankanna erlendis. Áætlað er, að á þessu ári verði tekin langtímalán erlendis að andvirði um 7.000 m.kr. samanborið við 6.700 m.kr. 1983, reiknað á gengi 1984. Í þessu sambandi verður að hafa í huga, að áætlanir um nýjar lántökur einkaaðila eru mjög óvissar. Afborganir af erlendum lánum eru áætlaðar 3.900 m.kr. Ný erlend lán eru því talin verða um 3.100 m.kr. umfram afborganir (3.500 m.kr. 1983). Reiknað á föstu gengi og föstu verði (þ.e. að teknu tilliti til verðbólgu í viðskiptalöndum Íslendinga) er áætlað, að erlendar skuldir til langs tíma aukist um 3% á þessu ári samanborið við 5 1/2% 1983 og 14% 1982. Greiðslubyrði af erlendum lánum hefur verið um 21% af útflutningstekjum síðastliðin tvö ár, en áætlað er, að hún hækki í 23% á þessu ári.

Erlend lán og greiðslubyrði.

M.kr. á áætluðu meðalgengi 1984.

	Áætlun	
	1983	1984
Erlend lán í árslok	38.390	41.445
Sem hlutfall af þjóðarframleiðslu	60,6%	61,6%
Lántökur	6.664	6.975
Afborganir	3.200	3.920
Lántökur umfram afborganir	3.464	3.055
Vextir af langtímalánum	3.553	4.090
Afborganir og vextir, samtals	6.753	8.010
Sem hlutfall af útflutningstekjum	20,6%	23,2%

Heimild: Seðlabanki Íslands, greiðslujafnaðardeild

2. Peninga- og lánamál.

Frá ágústlokum 1983 til jafnlengdar 1984 jókst peningamagn og sparifé í umferð um 31,8%, þegar með eru taldir áfallnir vextir innlánanna, samanborið við 86,9% næstu tólf mánuði á undan. Lán og aðrar innlendar kröfur bankakerfisins jukust um 45,4% og 99,1% þessi tímabil í sömu röð talið. Enda þótt vöxtur peningastærða hafi hjaðnað mikið síðasta árið, hefur aukningin verið talsvert meiri en svarar verðlags- og tekjubreytingum. Þegar skoðuð eru styttri tímabil en þessar tölur spanna, kemur í ljós, að aukning flestra peningastærða hjaðnaði stig af stigi frá miðju ári 1983 fram á vor 1984, en tók þá að vaxa á ný.

Árshraði helstu peningastarða 1983-1984, %

M.v. ársfjórðungslegar breytingar og árstíðaleiðréttar tölur.

	1983				1984		
	I	II	III	IV	I	II	31/5-31/8
Grunnfé Seðlabanka	99,4	49,2	106,1	46,9	13,5	23,6	37,7
Endurkaup Seðlabanka	44,5	139,1	85,3	21,6	62,7	-5,0	48,6
Útlán innlánsstofnana	45,4	87,3	111,3	69,3	37,7	24,8	57,4
Innlán innlánsstofnana	80,8	106,0	84,3	53,5	28,6	24,4	20,2
Lán og aðrir innlendir							
Liðir bankakerfis	82,9	99,3	98,3	55,7	50,3	28,5	34,3
Peningamagn (M1)	120,4	51,1	65,7	76,9	13,6	38,4	38,2
Peningamagn (M2)	55,7	86,6	63,6	89,1	67,8	15,0	29,6
Peningamagn (M3)	81,9	97,6	83,9	52,8	28,7	25,1	21,3
Til samanburðar:							
Lánskjárvísitala	84,8	116,2	78,0	27,0	9,3	18,8	16,8

Svo tekið sé dæmi úr yfirlitinu má benda á, að árshraði innlendra liða bankakerfisins var nálægt 100% á öðrum og þriðja fjórðungi ársins 1983, 50-60% næstu tvo ársfjórðunga, en innan við 30% á öðrum fjórðungi þessa árs. Frá maílokum til ágústloka var árshraðinn hins vegar rúmlega 34%, einkum vegna óvenju mikillar aukningar útlána innlánsstofnana í júlí og ágúst 1984. Á tólf mánuðum til ágústloka nam útlánaaukning innlánsstofnana 49,7% sem er langt umfram það sem innlánaaukning gaf tilefni til, en hún nam 31,5% á sama tímabili. Lausafjárstaða innlánsstofnana rýrnaði því verulega á tímabilinu, eða um 2.831 m.kr., sem skiptist nokkurn veginn að jöfnu gagnvart Seðlabanka og erlendum aðilum. Í ágústlok námu stuttar erlendar

skuldir gjaldeyrisviðskiptabankanna 1.296 m.kr. umfram erlendar innstæður og verðbréf.

Vextir óverðtryggðra skuldbindinga voru lækkaðir á tímabilinu september 1983 - janúar 1984, eftir að verðbólga tók að lækka; þannig lækkaði ávöxtun algengra bankalána úr 52,5% í um 22%. Enda þótt raunvextir hækkuðu verulega á þessu tímabili, dró ekki úr lánstjäreftirspurn, sem bendir til þess að áhrifa hækkanði raunvaxta á hana gæti ekki fyrr en að alllögum tíma liðnum.

Í febrúar 1984 veitti Seðlabankinn innlánsstofnunum heimild til að ákveða sjálfar kjör innlána, sem bundin eru til minnst 6 mánaða, svo og kjör á millibankalánunum. Varð það til þess að þær buðu til sölu innláns-skírteini og fleiri innlánsform með betri kjörum en áður. Í ágúst fengu innlánsstofnanir síðan heimild til að ákveða sjálfar alla vexti aðra en vexti almennra sparibóka, sem Seðlabankinn hækkaði 11. ágúst úr 15% í 17% á ári, vexti endurseljanlegra afurðalána, sem breyttust ekki að þessu sinni, og vanskilavexti, sem voru hækkaðir 1. september úr 2,5% í 2,75% á mánuði. Ákvarðanir innlánsstofnana þurfa þó samþykki Seðlabankans til að öðlast gildi: Um miðjan ágúst tóku innlánsstofnanir ákvarðanir um 2-7% vaxtahækkanir og hafnaði Seðlabankinn engri tillögu. Vextirnir eru mismunandi eftir stofnunum, þótt ekki muni miklu, enda hefur nokkur samræming átt sér stað við síðari breytingar. Sem dæmi má nefna, að vextir algengra útlána eru nú 25-30%, og vextir þriggja mánaða innlána 20-21%. Til samanburðar má nefna, að árshraði lánskjaravísitölu var 16,8% á tímabilinu maí til ágúst og 14% í ágúst mánuði.

Hugmyndir um að vextir ráðist af markaðsaðstæðum í stað þess að vera ákveðnir af stjórnvöldum komust m.a. í lög síðla árs 1983, er Alþingi heimilaði

fjármálaráðherra að selja ríkisvixla á uppboði. Slíkir vixlar hafa verið boðnir mánaðarlega síðan í mars en enn hefur aðeins lítill hluti ríkishallans verið fjármagnaður þannig, þar sem útboð hafa aðeins verið 30 m.kr. hverju sinni. Meðalávöxtun vixlanna hefur jafnan verið nálægt 26%, en nær 28% í september og október. Útistandandi ríkisvixlaskuld er nú 49,5 m.kr.

Í samræmi við stefnu ríkisstjórnarinnar var sl. vor farið að færa endurkaupanleg afurða- og rekstrarlán frá Seðlabankanum til viðskiptabanka og sparisjóða þannig, að endurkaupahlutföll Seðlabankans voru lækkuð í áföngum. Lánar bankinn nú 47,5% af verðmæti útflutningsbirgða í stað 52% áður, og 42,5% í stað 47,5% af verðmæti birgða til sölu innanlands. Samhliða fyrstu breytingunni á endurkaupahlutföllum náðu stjórnvöld samkomulagi við viðskiptabankana þess efnis, að þeir ykju viðbótarlán vegna sjávarafurða á móti þessu svo að heildarlánin héldust ekki lægri en 75% af viðmiðunarverði. Jafnframt munu viðskiptabankar sjávarútvegsins fá heimildir til að taka erlend lán til að fjármagna afurðalán, sem til þeirra eru flutt. Ríkisstjórnin hefur gert um það ályktun og sent Seðlabankanum, að afurðalán af búvöru verði ekki lægra hlutfall af heildsöluverði en var á sl. hausti, þar sem engar skipulagsbreytingar hafa enn verið gerðar á þeim lánum í samræmi við nýgerða samþykkt stjórnarflokkanna. Kjör afurðalána breyttust sl. vetur til betra samræmis við almenna vexti. Endurkeypt afurðalán vegna útflutningsbirgða hafa verið bundin gengi SDR síðan í september 1983. Vextirnir, sem eru nú 10,25% auk gengisálagsins, fylgja vöxtum á alþjóðlegum peningamörkuðum og breytast mánaðarlega.

Hámark bindiskyldu hefur til skamms tíma verið lögákveðið, 28% af innlánnum. Síðastliðið vor samþykkt Alþingi lög um að til loka árs 1985 skyldi Seðlabanka heimilt að beita sérstakri bindingu, að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar. Heimildin hefur ekki verið nýtt, en Seðlabankinn hefur fengið samþykki ríkisstjórnarinnar fyrir slíkri aukabindingu allt að 5% innlána. Til að draga úr aukningu útlána innlánsstofnana greip Seðlabankinn hins vegar til þess í águstmánuði að herða reglur um lausaskuldir innlánsstofnana. Með breytingunni er lögð minni áhersla en áður á refsivexti en þeim mun meiri á það að útiloka yfirdrátt á viðskiptareikningum við Seðlabankann. Þegar reglurnar gengu í gildi hinn 21. águst, var talsverður yfirdráttur á viðskiptareikningum allra banka og nokkurra sparisjóða. Til að eyða honum hafa bankarnir sótt um víxillán frá Seðlabanka, sem hann veitir aðeins með vissum skilyrðum, þ.á.m. um ákveðin útlánahámörk næstu mánuði. Ennfremur voru í september settar reglur um gjaldeyrisviðskipti bankanna, sem miða að því að útiloka neikvæða lausafjarstöðu gagnvart útlöndum. Jafnframt var með þessum reglum veitt rýmri heimild en áður til að gengisbinda innlend lán.

Snemma á þessu ári tók ríkissjóður að bjóða spariskírteini með gengistryggingu miðaða við SDR. Voru skírteinin til 5 ára og bera fasta vexti, 9% á ári. Til þessa hafa SDR skírteinin ekki náð verulegum vinsældum og seldust aðeins fyrir um 27 m.kr. fyrstu 8 mánuði ársins. Á sama tímabili seldi ríkissjóður venjuleg spariskírteini fyrir um 222 m.kr., en þetta tímabil var innleyst fyrir um 506 m.kr. af eldri skírteinum. Dagana 10. september til 5. október voru handhöfum eldri skírteina með gjalddaga í september boðin spariskírteini með 8% vöxtum, en vextir á

spariskírteinum voru 5,08% fyrir á árinu, auk verðtryggingar. Að auki var greidd 1,5% skiptauppbót, sem þýðir að heildarávöxtun getur orðið um 8,55% á binditímanum. Spariskírteini þessi seldust fyrir 259 m.kr. að nafnvirði, en heildarinnlausn eldri skírteina nam 839 m.kr.

Ný útlán fjárfestingarlánasjóða fyrstu sex mánuði ársins námu 1.658 m.kr., samanborið við 875 m.kr. á sama tíma í fyrra og höfðu því aukist um 90%. Hækkun lánskjaravísitölu á sama tíma var um 54% og má því segja að lán fjárfestingarlánasjóða hafi verið um 23% meiri að raungildi fyrstu sex mánuði þessa ár en í fyrra. Þessa hækkun má að verulegu leyti rekja til stóraukinna íbúðalána, sem námu 872 m.kr. á fyrri hluta þessa árs, en 387 m.kr. í fyrra, eða 46,5% raungildishækkun. Lán sjóðanna til atvinnufyrirtækja og opinberra aðila námu 786 m.kr., en voru 488 m.kr. fyrir ári, og hafa því aukist um 4,7% umfram verðlag. Rúmlega 80% útlána fjárfestingarlánasjóðanna eru nú fjármögnuð með lántökum, samanborið við 58% hlutfall á sama tíma í fyrra. Þessi óhagstæða lántökupróun sjóðanna og sú þensla, sem útlán þeirra valda, á eflaust sinn þátt í slökum viðskiptajöfnuði og aukinni erlendri skuldasöfnun.

Erfitt er að henda reiður á fjárstreymi lífeyrissjóða, en nýjustu áætlanir benda til þess að ráðstöfunarfé þeirra gæti orðið um 2.600 m.kr. á þessu ári. Af því ættu þeir að verja 40%, eða 1.040 m.kr., til kaupa á verðtryggðum skuldabréfum ríkissjóðs og fjárfestingarlánasjóða. Fyrstu átta mánuðina höfðu lífeyrissjóðir keypt slík bréf fyrir um 600 m.kr. Ef heldur sem horfir og engin truflandi áhrif frá vaxtaákvörðunum koma til má enn vænta þess, að á árinu geti lífeyrissjóðir lánað um 1.000 m.kr. til opinberra framkvæmda og sjóða. Úrtakskönnun bendir til, að lán

lífeyrissjóða til sjóðfélaga hafi orðið tvöfalt meiri í krónum fyrstu sex mánuði ársins en á sama tímabili í fyrra, en það svarar til 30% aukningar að raungildi miðað við lánskjaravísitölu.

3. Afkoma atvinnuvega.

Fiskvinnsla.

Áætlanir Þjóðhagsstofnunar um rekstrarafkomu fiskvinnslunnar við skilyrðin í septemberbyrjun 1984 benda til þess, að tap sé á botnfiskvinnslunni (frystingu og söltun), sem í heild gæti numið 1-2% af tekjum. Hefur þá verið tekið tillit til áætlaðra breytinga á samsetningu framleiðslunnar það sem af er árinu 1984 og áætlana sölusamtaka um framlegð í frystihúsum innan vébanda þeirra og reiknað með 3% launahækkun frá 1. september 1984. Breytingar á samsetningu framleiðslu frystihúsanna fyrstu sjö mánuði þessa árs eftir fisktegundum og gerð umbúða eru metnar til lækkunar tekna af botnfiskafurðum, sem nemur 2% af tekjum frystingar. Hér veldur einkum, að frystihúsin hafa neyðst til að færa framleiðsluna úr arðgæfustu gerð, sem seld er á Bandaríkjamarkaði, í aðrar gerðir ódýrari til sölu á þeim markaði eða á Evrópumarkaði. Ástæðan er treg sala á dýrustu gerðum fiskflaka á Bandaríkjamarkaði, ekki síst vegna harðrar samkeppni frá Kanadamönnum og Norðmönnum, sem meðal annars í krafti ríkisstyrkja heima fyrir geta boðið lægra verð. Vegna þessara markaðsaðstæðna er útlitið ótryggt, þegar færsla framleiðslu frá dýrari til ódýrari vöru bætist ofan á lækkandi verð yfirleitt.

Athuganir, sem Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna og Samband íslenskra samvinnufélaga hafa gert á rekstri frystihúsa innan sinna vébanda það sem af er þessu

ári, benda til þess, að hlutfall launa-, umbúða- og hráefniskostnaðar af afurðatekjum sé samanlagt nokkru hærri en framfarðir rekstrarreikningar bentu til. Þessi munur gæti verið um 3% af tekjum, þegar allt er saman dregið, en er ákaflega breytilegur. Í þessum gögnum má t.d. sjá dæmi um miklu lakari afkomu hjá einstökum fyrirtækjum og á einstökum stöðum. Ástæða er til að benda á, að þessar athuganir SH og SÍS eru byggðar á fljótteknum lykiltölum úr bókhaldinu og styðjast ekki við afstemmt rekstraruppgjör eins og ársreikningar, þannig að við þær loðir jafnan nokkur óvissa. Raunar hafa athuganir af þessu tagi oft sýnt lakari afkomu en síðar kom fram í ársreikningum, m.a. vegna óvissu um mat á verðmæti birgða. Ef þessar niðurstöður athugana sölusamtakanna eru teknar með að fullu, verður niðurstaðan sú eins og áður segir, að tap botnfiskvinnslunnar sé um 1-2% af tekjum.

Hér er um að ræða meðaltal, en í þeim tilfellum þar sem afkoman er sérstaklega léleg er víðast um sérstakar ástæður og skýringar að ræða, t.d. stórfelldar breytingar á framleiðslumagni, tegundasamsetningu aflans eða skiptingu framleiðslunnar á vörutegundir, sem gefa mjög misjafnlega af sér. Almennar aðgerðir af opinberri hálfu geta auðvitað ekki ráðið bót á staðbundnum vandamálum, sem fyrst og fremst varða framleiðslustjórn á hverjum stað, sem er miklum vandkvæðum háð, t.d. þegar afli berst ójafnt að landi. Hér koma einnig við sögu markaðserfiðleikar, þar sem treglega hefur gengið að selja fiskflök af því tagi, sem mest hafa gefið í aðra hönd, og sumar fisktegundir eru illseljanlegar sem frystiafurðir. Birgðastaðan hér á landi segir e.t.v. ekki alla söguna í þessu efni, því birgðir munu einnig hafa safnast hjá sölufyrirtækjum erlendis.

Framangreindar niðurstöður um hag botnfiskvinnslu eru einnig mjög háðar því, hvernig fjármagnskostnaður er metinn. Í rekstraráætlunum Þjóðhagsstofnunar er eingöngu reiknað með vöxtum og afskriftum af því fjármagni, sem bundið er í framleiðslutækjum og birgðum, sem venjulega fylgja framleiðslunni á árinu. Það mat, sem lagt er á þessar stærðir, er hugsað sem langtíma viðmiðun hvað varðar ávöxtun og endurnýjun fjármagns. Þetta mat er ekki hugsað til að lýsa greiðslubyrði eða skammtímabreytingum á fjármagnskostnaði að öðru leyti en því, að vextir af afurðalánnum eru metnir á grundvelli gildandi vaxtakjara. Fjármagnskostnaður vegna skulda, sem kunna að hafa safnast í taprekstri undanfarinna ára, er ekki meðtalinn í þessu mati. Sama gildir um greiðslubyrði, sem fiskvinnslufyrirtæki, sem jafnframt stunda útgerð, kunna að bera vegna fiskiskipa sinna, beint eða óbeint.

Við þær aðstæður, sem nú ríkja í íslenskum sjávarútvegi, er aðgreining milli rekstrarafkomu og greiðsluafkomu afar vandasöm en jafnframt ákaflega mikilvæg, þegar almenn rekstrarskilyrði á líðandi stund eru metin. Enginn vafi er á því, að með þeirri rekstrarafkomu, sem nú ríkir, eru miklir greiðsluörðugleikar hjá velflestum fyrirtækjum í sjávarútvegi vegna rekstrarhalla og mikillar fjárfestingar í fiskiskipum á undanförunum árum. Við þeim vanda er skuldbreytingunni, sem nú stendur yfir, ætlað að bregðast. Framkvæmd hennar er nú nokkuð á veg komin, hvað stofnlánaskuldir flotans varðar, en lausaskuldabreytingin er skemmra á veg komin.

Í rekstraráætlunum Þjóðhagsstofnunar hefur verið reiknað með 3% raunvöxtum af áætluðu óafskrifuðu endurnýjunarvirði fastafjármuna í rekstrinum, 50 ára endingartíma fasteigna og 8 ára endingartíma vélá og

tækja. Þetta mat á fjármagnskostnaði telja fulltrúar fiskvinnslunnar of lágt og benda á, að raunvextir séu nú hærri en 3% og endingartími fastafjármuna sé skemmri en miðað er við í áætlunum þessum. Þessi ábending á við nokkur rök að styðjast, en á móti má segja, að þegar litið sé til langs tíma sé 3% ávöxtun að raungildi góð ávöxtun. Auk þessara atriða skiptir áætlaður birgðahaldstími miklu máli við mat á afurðalánavöxtum, sérstaklega þegar birgðir fara vaxandi. Ef miðað er við 6% raunvexti, helmingi styttri endingartíma fastafjármuna og heldur lengri birgðahaldstíma, rýrnar rekstrarafkoman við það um 3-4%, sem þýðir að rekstrarhallinn væri talinn nærri 4-5% af tekjum botnfiskvinnslunnar í heild.

Afar mikil óvissa ríkir um afkomu loðnuvinnslu í haust. Hér veldur einkum stórfelld verðlækkun á loðnuafurðum, en markaðsverð á mjöli og lýsi hefur að undanförunu verið mun lægra en á síðasta vetri. Að því óbreyttu verður hagur loðnuveiða og -vinnslu afar þröngur á næstunni, þótt loðnuafli gæfist í þeim mæli, sem veiðileyfi standa til. Ennfremur virðist staða rækjuvinnslunnar ótrygg. Í októberbyrjun tókust samningar við Sovétmenn, um sölu á allt að 240 þúsund tunnum af saltsíld. Samningurinn felur í sér nokkra verðlækkun í dollurum frá því í fyrra, eða á bilinu 7-9%. Enn eru horfur um sölu á saltsíld til Vestur-Evrópu á komandi vertíð þó ótryggar, vegna mikils framboðs á Norðursjávarsíld.

Þegar á heildina er litið, er hagur fiskvinnslunnar mjög þröngur um þessar mundir og í sumum greinum og á sumum stöðum er afkoman afar erfið.

Fiskveiðar.

Áætlanir Þjóðhagsstofnunar um afkomu botnfiskveiðiskipa eru enn sem komið er byggðar á framfærðum

ársreikningum frá 1982. Frá þeim tíma hafa orðið stórfelldar breytingar á öllum þáttum útgerðar; afla og aflasamsetningu, fiskverði og kostnaðarþáttum ýmsum. Af þessum sökum eru allar áætlanir um afkomu veiðanna sérstaklega óvissar. Niðurstaðan af mati á stöðu helstu útgerðargreina í september 1984 er sú, að botnfiskveiðiflotinn í heild sé nú rekinn með nokkru tapi, eða um 1% af tekjum. Afkoman er þó afar misjöfn, og eru yngstu togararnir 37 nú reknir með 8-9% tapi miðað við tekjur, ef frá eru taldir frystitogarar, en afkoma þeirra er að líkindum skárri. Þetta afkomumat er, eins og hjá vinnslunni, miðað við reiknaðan fjármagnskostnað, 3% raunvexti og 12 ára endingartíma fjármuna. Ef matið væri miðað við 6% raunvexti og 10 ára endingartíma væri hallinn metinn 5-6% meiri af tekjum. Forsendur um fjármagnskostnað skipta hér ákaflega miklu máli. Eins og í dæmi vinnslunnar er greiðslustaðan ekki gerð upp í þessari áætlun og greiðslubyrði vegna tapreksturs og skuldasöfnunar frá fyrri árum ekki tekin með í reikninginn. En nú stendur yfir sem kunnugt er umfangsmikil skuldbreyting fyrir útveginn, bæði hvað varðar stofnlán og lausaskuldir.

Sjávarútvegurinn í heild.

Af framangreindu sést, að sjávarútvegurinn á nú í miklum erfiðleikum, bæði vegna erfiðra rekstrarskilyrða á líðandi stund og vegna skuldasöfnunar á fyrri árum. Afkoman er nú óvenju breytileg milli staða og fyrirtækja og sennilega meiri munur á afkomu fyrirtækja en nokkru sinni fyrr, vegna þess að nú orka í senn á þennan mun, afar breytileg rekstrarskilyrði á þessu ári og mjög mismunandi fjárhagsleg uppbygging fyrirtækja. Almennt mun þó eiga við, að í nær öll fyrirtækin vantar aukið

áhættufé og lánsfé til langs tíma. Fjárhagsleg endurskipulagning er því eitt brýnasta verkefnið á sviði sjávarútvegsmála um þessar mundir.

Aðrar greinar.

Vísbendingar um umsvif í heimamarkaðsiðnaði á þessu ári eru enn af skornum skammti. Þó virðist ótvírætt mega ráða af Hagsveifluvog iðnðarins, að framleiðslan á fyrri helmingi ársins hafi aukist frá fyrra ári. Tölur um heildarveltu samkvæmt söluskattsskýrslum fyrri helming ársins virðast einnig benda til framleiðsluaukningar.

Framleiðslubreytingar í útflutningsiðnaði öðrum en málbræðslu benda til talsverðrar aukningar eða um 15% frá fyrra ári. Aukning framleiðslu málbræðslanna tveggja er nokkru minni eða nálægt 11%.

Hagur útflutningsiðnaðar annars en málbræðslu virtist í ársbyrjun 1984 vera betri en verið hafði um nokkurt skeið. Nýlegar athuganir á hag ullariðnaðar benda þó til þess, að um þessar mundir sé afkoman nokkru lakari en var á síðastliðnu ári.

Hagur stóriðjunnar hefur vænkast verulega á árinu. Verð á járnblendi hefur stöðugt farið hækkandi og allar horfur eru á því, að rekstur Járnblendiverksmiðjunnar skili hagnaði í ár, í fyrsta sinn frá upphafi rekstrarins á árinu 1979. Aftur á móti hefur verð á áli lækkað að undanförunu og er skráð markaðsverð erlendis nú um 1.200 USD á tonnið en var komið upp í 1.600 USD fyrr á árinu.

Vísbendingar um breytingu heildarveltu í smásöluverslun á fyrri hluta árs 1984 sýna nokkra aukningu umfram almennar verðlagsbreytingar og verulega aukningu umfram hækkun kauptaxta. Á þennan mælikvarða litið virðist því sem hagur smásöluverslunar hafi enn vænkast á fyrri hluta þessa

árs frá sama tíma í fyrra.

Veltubreyting í heildverslun á fyrri hluta þessa árs bendir einnig til verulegrar aukningar umfram“ hækun kauptaxta. Samkvæmt því virðist mega telja, að hagur heildverslunar hafi batnað á fyrri hluta þessa árs í samanburði við fyrri hluta liðins árs.

IV. Efnahagshorfur 1985

1. Fiskafli og útflutningsframleiðsla.

Enn liggur hvorki fyrir álit né tillögur frá Hafrannsóknastofnun um hámarksafla úr helstu nytjastofnum á árinu 1985. Í spá fyrir 1984 er gert ráð fyrir eftirfarandi ársafla:

	Pús.tonn

1. Þorskur	250
2. Annar botnfiskur	310
3. Loðna	600
4. Síld	50
5. Rækja	18
6. Humar	2,4
7. Hörpudiskur	15,5
8. Annar afli	12,0

	1.258

Þessi áætlun virðist í megindráttum vera í samræmi við aflabrögðin það sem af er ári.

Fyrir árið 1985 verður að svo stöddu reiknað með

líkum aflabrogðum og í áætluninni fyrir árið 1984. Ástæða virðist þó til að ætla, að rækjuafli geti aukist nokkuð miðað við þetta mark, og ef til vill afli annarra lítt nýtttra tegunda. Hér verður því reiknað með 1% aukningu aflaverðmætis á föstu verði 1985. Þessar forsendur verður svo að endurmeta síðar í haust, þegar álit og tillögur fiskifræðinga liggja fyrir, en það verður naumast fyrr en í nóvember.

Á framangreindum aflaforsendum er reiknað með því, að útflutningsframleiðsla sjávarafurða aukist um 1% árið 1985. Framleiðslugeta álverksmiðjunnar, járnblendiverksmiðjunnar og kísiliðjunnar verður sem næst fullnýtt á árinu 1984 og því ekki unnt að reikna með framleiðsluaukningu í þeim greinum 1985. Aftur á móti eru horfur á aukningu í ýmsum greinum annars útflutningsiðnaðar, einkum í lagmetis- og ullariðnaði. Markaðshorfur virðast nú fremur hagstæðar í þessum greinum. Af þeim sökum er talið að reikna megi með, að útflutningur aukist enn nokkuð árið 1985. Er hér gert ráð fyrir, að aukningin nemi um 5%. Hvað annan vöruútflutning varðar, verður að reikna með samdrætti, þar sem gert er ráð fyrir óvenju mikilli sölu skipa og flugvéla úr landi árið 1984.

Að öllu samanlögðu er hér gert ráð fyrir, að útflutningsframleiðslan muni aukast um 1/2% frá árinu 1984 til ársins 1985. Hvorki er búist við umtalsverðum birgðabreytingum 1984 né 1985 og því gert ráð fyrir, að útflutningur bæði árin svari til ársframleiðslunnar og breytist því eins og hún.

2. Viðskiptakjör.

Spár OECD um verðlagsþróun í utanríkisviðskiptum yfirleitt og um innflutningsverð til Bandaríkjanna sérstaklega árið 1985, sem birtust í ritinu Economic Outlook í júlí sl., benda ekki til, að viðskiptakjör

Íslendinga breyttist að ráði 1985. Í þessum spám virðist felast 2 1/2-3 1/2% verðhækkun innflutnings og útflutnings næsta ár í erlendri mynt. Nýlegar spár Alþjóðagjaldeyrissjóðsins eru á svipuðu bili. Spár alþjóðastofnana virðast reyndar fremur benda til batnandi íslenskra viðskiptakjara, einkum ef spár OECD um hækkun á innfluttum matvælum til Bandaríkjanna ættu við rök að styðjast og ættu að auki einnig við freðfisk. Því virðist þó alls ekki að heilsa um þessar mundir. Samkeppni á bandarískum freðfiskmarkaði er nú ákaflega hörð og hefur verð þar farið lakkandi á þessu ári. Íslendingar eiga þar m.a. í harðri samkeppni við ríkisstyrktan sjávarútveg Kanada og Noregs. Þá má einnig á það benda, að hágengi Bandaríkjadollars að undanfögnu hefur gefið Ameríkumarkaði sérstakt aðdráttarafl og veldur það harðnandi verðsamkeppni yfirleitt á þeim markaði. Að þessu athuguðu verður því hér spáð óbreyttum viðskiptakjörum 1985. Spáð er um 3% verðhækkun á báðar hliðar vöruviðskipta reiknað í erlendri mynt miðað við skiptingu viðskipta eftir löndum. Í þessu felst nokkur verðlækkun í dollurum (1/2-1%) miðað við afstöður Bandaríkjadollars og Evrópumynta eftir miðjan septembermánuð 1984.

3. Verðlag og tekjur.

Kjarasamningar þeir, sem gerðir voru á fyrri hluta árs 1984, fólu flestir í sér 3% launahækkun í ársbyrjun 1985. Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1985 er miðað við, að kauptaxtar verði að meðaltali um 5% hærri árið 1985 en þeir verða í árslok 1984 á grundvelli kjarasamninganna, sem giltu til ágústloka 1984. Í þessu felst 9-10% meðalhækkun kauptaxta milli 1984 og 1985. Á grundvelli launabreytingaferils á árinu 1985, sem rúmast innan þessara marka, og miðað við það að

gengi krónunnar verði á árinu 1985 haldið innan 5% marka frá áætluðu árslokagengi 1984 (sbr. samkomulag stjórnarflokkanna í septemberbyrjun), fæst sú niðurstaða, að verðhækkun frá upphafi til loka árs 1985 gæti orðið nálægt 9% ef áformaðri lækkun tekjuskatts um 600-700 m.kr. yrði að fullu mætt með hækkun óbeinna neysluskatta. Væri tekjuskattslækkuninni að einhverju leyti mætt með lækkun ríkisútgjalda, yrði verðbreytingin væntanlega heldur minni. Í þessari spá er eingöngu horft til beinna kostnaðaráhrifa framangreindra breytinga launa og gengis og óbeinna skatta án tillits til annarra þátta, sem kynnu að hafa áhrif á verðlagsþróun, svo sem peninga- og ríkisfjármál. Hér er heldur ekki reiknað með breytingum á gengi helstu gjaldmiðla 1985.

Samkvæmt þessu dæmi væru beinar launahækkanir um 7% á næsta ári, en með lækkun tekjuskatts, svo og að teknu tilliti til annarra þátta í tekjummyndun, svo sem vinnutíma, starfsaldurshækkana, launaskriðs og atvinnuþátttöku, verður niðurstaða þessarar áætlunar sú, að kaupmáttur ráðstöfunartekna heimilanna muni haldast sem næst óbreyttur árið 1985 reiknað á hvert mannsbarn, eða jafnvel heldur aukast.

4. Þjóðarútgjöld.

Upplýsingar og áætlanir um þróun tekna og einkaneyslu árin 1983 og 1984 benda til minni samdráttar einkaneyslu þessi tvö ár en svarar til breytingar á kaupmætti ráðstöfunartekna heimilanna. Í þessu sambandi verður að hafa í huga, að í íslenskum þjóðhagsreikningum eru ýmis útgjöld vegna opinberrar þjónustu, svo sem til heilbrigðismála, pósts og síma, rafveitna, hitaveitna og útvarps, færð sem einkaneysla, en þessir þættir eru síður háðir skammægjum breytingum

í kaupmætti heimilanna en aðrir þættir. Ennfremur má benda á, að þótt kaupmáttur tekna ráði til lengdar mestu um einkaneysluna eru jafnan tafir í því sambandi auk þess sem ýmsir aðrir þættir, svo sem raunvextir og verðbólguþvænting, geta haft áhrif á neysluna. Sem fyrr segir er hér reiknað með, að kaupmáttur ráðstöfunartekna heimilanna árið 1985 verði svipaður á mann og árið 1984. Jafnframt er í fjárlagafrumvarpi gert ráð fyrir áþekku umfangi þeirrar opinberu þjónustu, sem telst til einkaneyslu og fé er veitt til á fjárlögum. Á þessum forsendum er í þjóðhagsáætlun gert ráð fyrir, að útgjöld til einkaneyslu verði svipuð á mann 1985 og 1984, en aukist í hátt við mannfjölgun um 1%.

Í útgjaldatölum fjárlagafrumvarps fyrir árið 1985 felast álíka mikil samneysluútgjöld hjá ríkinu og á yfirstandandi ári. Fjárhagsstaða sveitarfélaganna var mjög erfið árin 1982 og 1983, en er talin hafa batnað að mun á árinu 1984. Fjárhagshorfur sveitarfélaganna fyrir árið 1985 eru taldar allgóðar, og er því fremur við því að búast, að þau auki samneysluútgjöld sín. Í heild er gert ráð fyrir, að samneysla verði 1% meiri á árinu 1985 en á árinu 1984.

Spá um fjármunamyndun á árinu 1985 bendir til smávægilegrar aukningar frá líðandi ári. Einkum er gert ráð fyrir mikilli aukningu framkvæmda á vegum Landsvirkjunar vegna byggingar Blönduvirkjunar. Opinberar framkvæmdir eru í heild taldar verða svipaðar eða ívið meiri en á þessu ári, en þar fara saman um fjórðungi meiri fjárfestingarútgjöld til raforkuframkvæmda, svipaðar hitaveituf framkvæmdir og á þessu ári en talsverður samdráttur í útgjöldum til samgöngumannvirkja og opinberra bygginga. Horfur um íbúðabyggingar eru ákaflega óráðnar, en í þeirri grein er gert ráð fyrir álíka miklum umsvifum á þessu ári og

hinu næsta. Í þessu sambandi má hafa í huga, að á árinu 1984 virðast íbúðabyggingar á höfuðborgarsvæðinu hafa verið miklar en talsverðs samdráttar hafa gætt víðast annars staðar. Þetta er svipuð þróun og á árinu 1983, en árin næstu þar á undan var þessu öfugt farið; lögð var í íbúðabyggingum á höfuðborgarsvæðinu en mikil þensla víða annars staðar. Framkvæmdir atvinnufyrirtækja eru taldar aukast heldur og er reiknað með aukningu í kaupum ýmissa véla og tækja, flutningatækja og í almennum iðnaði. Í sambandi við fjármunamyndun atvinnuveganna á árinu 1985 er meðal annars gert ráð fyrir, að nokkurra áhrifa gæti af því fé, sem veita á til nýsköpunar í atvinnurekstri, eins og fram kemur í II. kafla þessarar skýrslu og reiknað er með í fjárlagafrumvarpi.

Framangreindar forsendur um neyslu og fjármunamyndun fela í sér, að þjóðarútgjöld aukist um 1% á árinu 1984.

5. Utanríkisviðskipti.

Sem fyrr segir er í þjóðhagsáætlun reiknað með, að útflutningsframleiðslan aukist um 1/2% á árinu 1985. Ekki virðast horfur á umtalsverðum birgðabreytingum á þessu og næsta ári og er því gert ráð fyrir, að vöruútflutningur breytist eins og útflutningsframleiðslan.

Vöruinnflutningur er samkvæmt forsendum þjóðhagsáætlunar talinn dragast saman. Horfur virðast á mun minni innflutningi skipa og flugvéla á árinu 1985 en 1984, og er þá ekki reiknað með því, að Flugleiðir ráðist í meiri háttar flugvélakaup á árinu. Gert er ráð fyrir svipaðri ál- og kísiljárnframleiðslu þetta ár og hið næsta og þar með svipuðum rekstrarvöruinnflutningi til þessarar framleiðslu bæði árin. Niðurstaðan hvað sérstaka

vöruinnflutninginn varðar er spá um 9 1/2% samdrátt. Í þessu sambandi er ástæða til að minna á hugsanleg flugvélakaup Flugleiða, sem gætu breytt þessu um stórfjárhæðir.

Almennur vöruinnflutningur er í spánni talinn verða heldur minni en í spá fyrir þetta ár. Þetta er nokkru minni innflutningur en fyrri reynsla bendir til að ætti að fylgja þeim breytingum almennra þjóðarútgjalda milli ára, sem þjóðhagsáætlun gerir ráð fyrir. Er þá höfð hliðsjón af spánni fyrir árið 1984 um meiri innflutningsaukningu en beinlínis er unnt að rökstyðja með árlegum breytingum þjóðarútgjalda. Sú spá er einkum reist á innflutningsframvindunni fyrstu átta mánuði ársins 1984, og að hluta studd hugmyndum um endurnýjun innflutningsvörubirgða á því ári. Vöruinnflutningurinn í heild er því talinn minnka um 1 1/2% frá árinu 1984 til ársins 1985. Veruleg óvissa ríkir um þessa spá.

Samkvæmt þeim spám og forsendum, sem hér hafa verið raktar, svo og miðað við 3% hækkun vöruverðs í erlendri mynt og 6% meðalhækkun á verði erlends gjaldeyris verður andvirði vöruútflutningsins 1985 25.430 m.kr. og vöruinnflutningsins 25.900 m.kr. Vöruskiptajöfnuðurinn yrði því óhagstæður um 470 m.kr., eða um 1,8% af verðmæti vöruútflutnings og 0,6% af þjóðarframleiðslu.

Lauslegar hugmyndir um þjónustutekjur benda til um 6% aukningar í heild. Einkum er reiknað með talsverðri aukningu tekna af erlendum ferðamönnum, tekna af varnarliði svo og ýmissa tekna af erlendum viðskiptum. Búist er við, að framkvæmdir á Keflavíkurflugvelli verði svipaðar á næsta ári og á þessu ári. Ekki er gert ráð fyrir miklum breytingum á öðrum tekjuliðum, en þó gætu þeir fremur farið vaxandi.

Þjónustuútgjöld eru talin hækka heldur minna en

tekjurnar eða um 5%. Í þeirri aukningu munar mestu um vaxtagjöld af erlendum lánum, bæði vegna aukinna erlendra langtímaskulda og mikillar aukningar erlendra skammtímaskulda bankanna á þessu ári. Gert er ráð fyrir, að vaxtakjör erlendis verði lakari á næsta ári en í ár vegna vaxtahækkunar á þessu ári. Frá því í ársbyrjun 1984 hafa hinir svonefndu LIBOR-vextir, sem mestu ráða um kjör á lánum með breytilegum vöxtum, hækkað úr 10% í u.þ.b. 12%. Í þjóðhagsspá fyrir árið 1984 er reiknað með því, að þeirrar hækkunar gæti að hluta á þessu ári, en í spánni fyrir næsta ár er að fullu gert ráð fyrir 12% LIBOR-vöxtum. Jafnframt er reiknað með lítilsháttar hækkun á meðalvöxtum þeirra skulda, sem bera fasta vexti. Í heild er því gert ráð fyrir, að meðalvextir lána til langs tíma hækki úr 9,9% 1983 í 10,5% 1984 og tæplega 11% 1985. Um þjónustuútgjöldin má að öðru leyti nefna, að gert er ráð fyrir, að útgjöld af ferðalögum til útlanda verði áfram mikil og jafnframt verði framhald á aukningu ýmissa viðskiptaútgjalda.

Samkvæmt þessu gefur spáin þá niðurstöðu, að á árinu 1985 verði halli á þjónustureikningi sem nemi alls 2.930 m.kr., eða 21% af þjónustutekjum og 3,8% af þjóðarframleiðslu.

Viðskiptajöfnuður yrði samkvæmt þeim spám, sem hér hafa verið raktar, óhagstæður um 3.400 m.kr., eða 4 1/2% af þjóðarframleiðslu. Þessa niðurstöðu má bera saman við tölur síðustu ára, sem hér á eftir eru reiknaðar sem hlutföll af þjóðarframleiðslu og á föstu gengi ársins 1985, og miðast við þær gengisforsendur, sem áður er lýst.

Viðskiptajöfnuður.

	Milljónir króna á gengi 1985	Sem hlutfall af þjóðarframleiðslu	Sveiflu- jafnaðar tölur
1981	-3.564	-5,0	-3,3
1982	-6.881	-10,0	-7,2
1983	-1.527	-2,4	-5,2
1984	-3.712	-5,2	-5,0
1985	-3.400	-4,4	-4,5

Hafa verður í huga, að sveiflur í útflutningsvörubirgðum hafa skipt verulegu máli um framvindu viðskiptajafnaðar undanfarin ár. Árið 1982 söfnuðust birgðir sem námu 6% af útflutningsframleiðslu, en á þær gekk á síðasta ári og nam birgðaminnkunin þá 10% af útflutningsframleiðslu. Sé gert ráð fyrir, að útflutningur árin 1982 og 1983 hefði orðið jafn ársframleiðslunni til útflutnings þessi ár og einnig reiknað með þriggja ára meðaltali fyrir sérstakan innflutning fjárfestingarvöru, hefði viðskiptahallinn 1982 orðið um 7,2% af þjóðarframleiðslu en 5,2% 1983 og 5,0% í spá fyrir árið 1984.

Utanríkisviðskipti.

	Þjóðhags-		Magnbreyting 1984-1985
	Spá 1984	áætlun 1985	
	M.kr.	M.kr.	%
Vöruútflutningur fob.	23.000	25.430	0,5
Vöruinnflutningur fob.	23.900	25.900	-1,6
Vöruskiptajöfnuður	-900	-470	.
Þjónustutekjur (þ.a. vextir)	11.600 (550)	13.770 (670)	6,0 (0,0)
Þjónustuútgjöld (þ.a. vextir)	14.200 (4.750)	16.700 (5.800)	5,0 (7,5)
Þjónustujöfnuður (þ.a. vextir)	-2.600 (-4.200)	-2.930 (-5.130)	.
(þ.a. önnur þjónusta)	(1.600)	(2.200)	.
Viðskiptajöfnuður	-3.500	-3.400	.

6. Erlendar skuldir.

Sem fyrr segir benda áætlanir til þess, að í árslok 1984 svari erlendar skuldir þjóðarbúsins til 61 1/2% af þjóðarframleiðslu. Ríkisstjórnin hefur markað þá stefnu, að hlutfall erlendra skulda af þjóðarframleiðslu lækki í 61% á árinu 1985, en í því felst mun minni skuldaaukning en nokkur undanfarið ár eða um 1% samanborið við 3% 1984, 5 1/2% 1983 og 14% 1982, reiknað á föstu gengi og verði. Samkvæmt þessu mættu lántökur umfram afborganir eldri lána nema 2.700 m.kr. og miðað við að afborganir eldri lána verði

4.200-4.500 m.kr. veitir þetta svigrúm til nýrrar lántöku erlendis að fjárhæð um 7.000 m.kr. Fyrirliggjandi spár um greiðslu afborgana og vaxta af langtímalánum gefa til kynna að greiðslubyrði árið 1985 verði svipuð í hlutfalli við útflutningstekjur og á árinu 1984, eða um 23%.

7. Yfirlit.

Þegar þær forsendur og spár, sem hér hefur verið gerð grein fyrir, eru dregnar saman, er niðurstaðan sú, að þjóðarframleiðslan aukist um tæplega 2% á árinu 1985. Þessum vexti fylgir hins vegar mikill viðskiptahalli. Spáð er auknum vaxtagreiðslum til útlanda, sem skerðir þjóðarframleiðsluna. Við þær aðstæður er landsframleiðslan betri mælikvarði á umsvif í landinu, en samkvæmt þeim hugmyndum, sem hér eru fram settar, ætti landsframleiðslan að aukast um rösklega 2% á árinu 1985.

**Þjóðarútgjöld, þjóðarframleiðsla og
þjóðartekjur 1983-1985.**

	Milljónir króna á verðlagi hvers árs			Magnbreytingar frá fyrra ári, % 1)		
	Bráðab.	Spá	Þjóðhags- áætlun	Bráðab.	Spá	Þjóðhags- áætlun
	1983	1984	1985	1983	1984	1985
Einkaneysla	35.470	46.000	52.960	-6,0	0	1,0
Samneysla	6.890	8.635	9.770	3,0	0	1,0
Fjámunamyndun	13.000	16.165	18.120	-13,6	2,8	1,2
Neysla og fjámunamyndun, alls	55.360	70.800	80.850	-6,8	0,7	1,1
Þingdönbreytingar 2)	-1.093	-	-	-4,2	2,1	-
Þjóðarútgjöld alls	54.267	70.800	80.850	-10,5	2,7	1,1
Útflutningur vöru og þjónustu	27.456	34.600	39.200	9,0	3,7	2,3
Ímflutningur vöru og þjónustu	28.719	38.100	42.600	-4,7	10,8	0,9
Viðskiptajöfnuður	-1.263	-3.500	-3.400	.	.	.
Verg þjóðarframleiðsla	53.004	67.300	77.450	-5,5	-1,2	1,8
Viðskiptakjaraáhrif 3)	.	.	.	1,8	0,8	-
Vengar þjóðartekjur	.	.	.	-3,7	-0,4	1,8
Verg landsframleiðsla	56.070	71.500	82.580	-4,2	-0,6	2,2
Viðskiptajöfnuður sem % af þjóðarframleiðslu	.	.	.	-2,4	-5,2	-4,4

- 1) Magnbreytingar árið 1983 eru miðaðar við fast verðlag ársins 1980 en magnbreytingar í spá fyrir árin 1984 og 1985 við fast verðlag næstliðins árs.
- 2) Hlutfallstölur um þingdönbreytingar varða mismun breytinganna milli ára og eru reiknaðar sem hlutföll af þjóðarframleiðslu fyrra árs.
- 3) Hlutfall af þjóðarframleiðslu fyrra árs.